utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir þá slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Með sama hætti kýs nefndin úr hópi varamanna sinna 3 menn til vara, er kvaddir skulu til í forföllum aðalmanna. Til allsherjarnefndar skal vísa öðrum málum, sem sameinað þing ákveður. 112 27. des.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 56 1938, um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 115 19. nóv. 1936.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1951.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

LÖG

113 29. des.

um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um stofnun Iðnaðarbanka Íslands h/f.

1. gr.

Stofna skal hlutafélag, er heiti Iðnaðarbanki Íslands h/f. — Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er sérstaklega hafi að markmiði að styðja verksmiðjuiðnað og handiðn í landinu.

2. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skal vera í Reykjavík. Félagsstjórninni skal þó vera heimilt að ákveða, að bankinn hafi umboðsskrifstofu og útibú utan Reykjavíkur.

3. gr.

Hlutafé félagsins skal nema allt að 6½ milljón króna. Ríkissjóður skal leggja fram allt að 3 milljónum króna. Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna skal safna og leggja til hvort um sig 1½ milljón kr. hlutafjár, en ½ milljónar kr. skal aflað með hlutafjársöfnun innanlands samkvæmt opinberu útboði, þegar stjórn hlutafélagsins ákveður að fengnu samþykki fjármálaráðherra.

4. gr.

Á hluthafafundi félagsins skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkissjóðs snertir.

II. KAFLI

Um stjórn hlutafélagsins.

5. gr.

Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningum á árlegum aðalfundi. Skal hún skipuð 5 aðalmönnum og 5 mönnum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

113 6. gr.
29. des. Stjórnin ræður bankastjóra, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf.

7. gr.
Á fyrsta aðalfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Samþykktir félagsins og reglugerð bankans skulu liggja undir samþykki iðnaðarmálaráðherra. Í samþykktum og reglugerð má setja nánari ákvæði um félagið og um bankann, og skulu þar á meðal vera ákvæði um endurskoðun á reikningum bankans.

III. KAFLI
Starfshættir bankans.

8. gr.
Bankanum skal heimilt að taka við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum eða á hlaupareikning, að kaupa og selja víxla og ávísanir, að veita lán gegn tryggingum og að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

9. gr.
Bankinn skal eiga a. m. k. sem svarar 10% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, verðbréfum Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef fjármálaráðherra, að fengnum tillögum fulltrúaráðs bankans, telur þess þörf.

10. gr.
Hlutafélagið skal njóta sömu sérréttinda og Landsbankanum eru veitt í 50., 52. og 55.—58. grein laga nr. 10 15. apríl 1928.

IV. KAFLI
Um iðnlánasjóð.

11. gr.
Iðnaðarmálaráðherra gerir samning við Iðnaðarbanka Íslands h/f um það, að bankinn taki að sér stjórn og starfrækslu Iðnlánasjóðs Íslands, þannig að sjóðurinn verði sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu, og fari að öðru leyti um sjóðinn eftir þeim reglum, er um hann eru settar í lögum þeim og reglugerðum, er um hann gilda.

12. gr.
Bankanum er heimilt að starfrækja fleiri deildir innan bankans, sem vinna að því markmiði, sem um er rætt í 1. grein.

Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1951.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Björn Ólafsson.